

## Stjórnarfundur 17.mars 2021 kl.19:30 á Kaffi 59

**Fundur settur:** Mættir eru Anna María, Helga Ingibjörg, Garðar og Jófríður.

**Fundargerð síðasta fundar, fundargerð aðalfundar:** Samþykkt, senda þarf aðalfundargerð á HSH.

**Heimasíða staðan:** Búið að tengja heimasíðuna við Facebook og gvggolf.is. Hugrún vill hitta okkur og fara yfir síðuna og sína stjórninni. Vinna hafin í að vista af gömlu síðunni vestarr.net á þá nýju.

**Golfhermir:** Klifurhúsið hefur boðið klúbbum herminn með öllu á 3,2 milljónir kr. Telur stjórnin að það sé allt of dýrt fyrir klúbbinn okkar að fara í þá fjárfestingu, en finnst þetta samt spennandi. Spurning hvort eitthvað samstarf gæti orðið jafnvel styrkur kæmi, þá væri þetta skoðað aftur.

**Mótarskrá:** Drög eru komin að mótarskrá, mótariðin verður á miðvikudögum Fisk/SC vill styrkja mótarið GVG um 100.000.- kr í vinningsfé. Kvinnakvöld er á þriðjudögum, önnur mót á eftir að setja inn í mótarskrá.

### Önnur mál:

- Von er á fundarboði frá Grundarfjarðarbæ vegna fyrirspurnar um húsnæði undir herminn, eins um starfsmann frá bænum til að hafa í vinnu á vellinum.
- Skjöldur er til í annað ár í GVG fyrir sína starfsmenn, Garðar fer í það að gera samning við þá.
- GSÍ fundur frestast til 17. apríl.
- Guðmundur í Borgarnesi hefur boðið komu sína með golfkennslu, ef áhugi er fyrir hendi hjá félagsmönnum í sumar. Stjórnin á eftir að fá svar frá Andra sem var hér síðasta sumar og allir voru mjög ánægðir með.
- Búið er að selja Grand Master 3000 sem staðið hefur hjá okkur ónotuð, seld á 100.000.- til GJÓ.
- Ræða þarf við starfsmenn skálans frá fyrra ári þau Valtýr, Steinunni og Þórey, um áframhaldandi störf. Setja þarf tímaramma utan um tímafjöldann í skála, horft er á fimmtudag til sunnudags sem áherslu.

- 
- Taka inn 4G pung til að spara sér netáskrift í skála, sem var allt of há hjá Vodafone.
  - Þurfum að stofna framkvæmdanefnd vegna skálaframkvæmda, í nefndinni eru Gústi, Steinar og Hermann.
  - Kvíabryggja er að smíða fleiri bekki fyrir okkur (drumbabekki)

Næsti fundur 7. apríl á Kaffi 59 kl 19:30.

Fundi slitið 20:30.